



428. Stjórnarfundur haldinn 20. mars. 2014 kl:17:30

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK),
Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Guðjón Axelsson (GA).

Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA), og Birgir Már Bragason (BMB) boðuðu forföll.

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá knattspyrnudeild v/keppnisbúnings. Það eru liðin fimmtíu ár síðan Keflavík (ÍBK) varð fyrst Íslandsmeistari í knattspyrnu og af því tilefni óskar knattspyrnudeildin eftir leyfi til að spila í svörtum búningi sem er sér merktur. Búningurinn liggur frammi til skoðunar. *Erindið samþykkt.*

Bréf frá Eiríki Hermannssyni v/fundagerðabókar UMFK 1929.

Erindið samþykkt og framkvæmdastjóra falið málið.

Yfirlit LÍ v/sparibréfa-meðallöng sem félagi á. *Móttakið.*

3. Send bréf.

Bréf til UMFÍ v/ styrks úr Fræðslu- og verkefnasjóði. *Styrkurinn hefur verið greiddur.*

4. Umhverfisdagur Keflavíkur.

Umhverfisdagur Keflavíkur verður 29. Apríl 2014 frá kl. 17:00 - 19:00. Grillað verður í lok dags.

Framkvæmdastjóra falið að sækja um styrk til Umhverfissjóðs Fríhafnarinnar.

5. Keflavíkurdagur.

Umræður um að halda upp á þessi tímamót í sögu félagsins en 30 júní 2014 eru liðin tuttugu ár síðan sex íþróttafélög sameinuðust undir merkjum Keflavíkur.

Ákveðið að skipa nefnd og aðalstjórn leggur til að Birgir Már Bragason verði fulltrúi aðalstjórnar ásamt framkvæmdastjóra félagsins. Framkvæmdastjóra falið að óska eftir tilnefningum frá deildum.

6. Landsmót.

Ákveðið að aðalstjórn greiðir mótsgjöld keppenda sem keppa undir merkjum félagsins.

Ákveðið að skipa landsmótsnefnd og fulltrúi aðalstjórnar verður Guðjón Axelsson.

Framkvæmdastjóra falið að óska eftir tilnefningum í nefndina frá deildum félagsins.





Frh. 428. Stjórnarfundur haldinn 20. mars. 2014 kl:17:30

7. Önnur mál.

EH sagði frá þeim námskeiðum sem búið er að halda. Tvö skyndihjálparnámskeið voru haldin 10. og 12. mars. 17 þjálfarar tóku þátt. Námskeið í Nora- skráningar- og innheimtukerfi var haldið 11. mars. Þátttakan góð.

Námskeið í Felix félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ var haldið 18. mars.

EH sagði frá því að árekstrar væru að myndast á milli afnotar af sölum félagsins og keppni í A-sal. Konukvöld knattspyrnudeildar sem fyrirhugað var í sal 1 og 2 varð að færa vegna þess að fyrsti leikur í úrslitakeppni körfunnar hjá Keflavík var settur á sama dag. Knattspyrnudeildin þurfti því að færa sig til og því fylgir auka kostnaður við að leigja sal. Góður umræður urðu um málið. Áréttu þarf við deildir um afnot af sölunum og ákveðið að fara yfir þessi mál á formannafundi.

Ákveðið að aðalstjórn greiði fyrir leiguna á viðkomandi sal. Framkvæmdastjóra falið málið.

EH sagði frá því að umsóknafrestur í Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ er til 1. apríl. Framkvæmdastjóra falið að sækja um fyrir Keflavíkurdeginum.

Næsti fundur er á fimmtudaginn 3. apríl 2014 kl. 17:30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:00

Fundinn ritaði BS

